

180. aðalráðstefna

Kirkju Jesú Krists hinna Síðari daga heilögu

október 2010

Samskiptarásirnar tvær

Öldungur Dallin H. Oaks
í Tólfpostulasveitinni

Himneskur faðir hefur séð börnum sínum fyrir tveimur leiðum til samskipta við sig – við getum kallað þær persónulegu rásina og prestdæmisrásina. Allir ættu að skilja báðar þessar nauðsynlegu samskiptaleiðir og fá leiðsögn eftir þeim.

I. Persónulega rásin

Persónulega rásin gerir okkur kleift að biðja beint til himnesks föður í bæn og hann svarar okkur eftir þeim boðleiðum sem hann hefur komið upp, án afskipta nokkurs dauðlegs meðalgöngumanns. Við biðjum til himnesks föður í nafni Jesú Krists, og hann svarar okkur með heilögum anda sínum og á aðra vegu. Hlutverk heilags anda er að vitna um föðurinn og soninn (sjá Jóh 15:26, 2 Ne 31:18; 3 Ne 28:11; Jóh 15:16), leiða okkur í sannleikann (sjá Jóh 14:26, 16:13) og sýna okkur allt það sem okkur ber að gera (sjá 2 Ne 32:5). Þessi persónulega tjáskiptarás við himneskan föður, fyrir tilstilli hans heilaga anda, er uppspretta vitnisburðar okkar um sannleikann, þekkingar okkar og persónulegrar leiðsagnar frá elskuríkum himneskum föður. Það er nauðsynlegur þáttur í undursamlegri áætlun fagnaðarerindis hans, fyrir hvert og eitt barna hans, að fá persónulegan vitnisburð um sannleika þess. Hin milliliðalaus persónulega tjáskiptarás til okkar himneska föður, fyrir tilverknað heilags anda, byggist á persónulegu réttlæti og er svo nauðsynleg, að okkur er boðið að endurnýja sáttmála okkar með því að meðtaka sakramentið á hverjum hvíldardegi. Með þeim hætti uppfylfum við skilyrði loforðsins um að hafa anda hans ætíð með okkur, okkur til leiðsagnar.

Hvað varðar þessa rás tjáskipta við Drottin, þá er trú okkar og aðferð svipuð og þeirra kristnu manna sem halda því fram að mannleg meðalganga milli Guðs og manns sé ónauðsynleg, því allir hafi beinan aðgang að Guði, samkvæmt þeirri reglu sem Martin Luther aðhylltist og nú er þekkt sem „prestdæmi allra trúaðra.“ Ég mun tala meira um það síðar.

Persónulega rásin er afar mikilvæg hvað varðar persónulegar ákvarðanir og stjórnun fjölskyldunnar. Til allrar óhamingju gera sumir meðlimir kirkju okkar of lítið úr nauðsyn þessarar beinu tjáskiptarásar. Sumir bregðast við hinu óumdeilanlega mikilvægi spámannlegrar leiðsagnar – eða rás prestdæmisins, sem fyrst og fremst er fyrir himnesk tjáskipti um mál kirkjunnar – með því að ætlast til að prestdæmisleiðtogar taki fyrir þá

persónulegar ákvarðanir, sem þeim ber sjálfum að taka með innblæstri eftir hinni persónulegu rás. Persónulegar ákvarðanir og stjórnun fjölskyldunnar snýr fyrst og fremst að persónulegu rásinni.

Mér finnst ég þurfa að bæta við tvenns konar öðrum varnaðarorðum sem við ættum að minnast í sambandi við þessar dýrmætu persónulegu tjáskiptarásir við himneskan föður okkar.

Í fyrsta lagi virkar persónulega rásin ekki fyllilega sé hún óháð prestdæmisrásinni. Gjöf heilags anda – samskiptamáti Guðs til manna – er veitt með prestdæmisvaldi, samkvæmt valdsumboði frá þeim sem hafa prestdæmislykla. Hún fæst ekki bara vegna þrár eða trúar. Og réttinn til áframhaldandi samfélags þessa anda þarf að staðfesta á hverjum hvíldardegi, þegar við meðtökum verðug af sakramentinu og endurnýjum skírnarsáttmála okkar um hlýðni og þjónustu.

Á sama hátt getum við ekki haft samskipti með öruggum hætti eftir hinni beinu persónulegu rás, ef við erum óhlýðin eða í ósamræmi við prestdæmisrásina. Drottinn hefur lýst yfir: „Krafti himins verður aðeins stjórnað og beitt eftir reglum réttlætisins“ (K&S 121:36). Til allrar óhamingju er það algengt að einstaklingar sem brjóta boðorð Guðs eða óhlýðnast ráðgjöf prestdæmisleiðtoga, lýsi því yfir að Guð hafi opinberað þeim að þeir séu undanskyldir því að halda einhver boðorð eða að fylgja einhverri ráðgjöf. Slíkir einstaklingar kunna að meðtaka opinberun eða innblástur, en það er ekki frá þeirri uppsprettu sem þeir ætla. Djöfullinn er faðir lyginnar og hann kappkostar alltaf að rugla verk Guðs með sínum útsmognu eftirlíkingum.

II. Prestdæmisrásin

Ólíkt persónulegu rásinni, þar sem himneskur faðir hefur samskipti við okkur beint með heilögum anda, býr samskiptarás prestdæmisins auk þess að nauðsynlegri milligöngu frelsara okkar Jesú Krists, kirkju hans, og tilnefndra leiðtoga hans.

Vegna þess sem hann kom til leiðar með friðþægingarfórn sinni, hefur Jesús Kristur kraft til að segja fyrir um skilmálana sem við verðum að uppfylla til að vera hæf fyrir blessanir friðþægingar hans. Það er þess vegna sem við höfum boðorð og helgiathafnir. Það er þess vegna sem við gerum sáttmála. Þannig verðum við hæf fyrir þær blessanir sem lofað er. Allar koma þær vegna miskunnar og náðar hins heilaga Ísraels, „eftir allt sem við getum gert“ (2 Ne 25:23).

Í jarðneskri þjónustu sinni veitti Jesús Kristur valdsumboð prestdæmisins, sem ber nafn hans og stofnaði kirkju sem einnig ber nafn hans. Á þessum síðasta ráðstöfunartíma var prestdæmisvald hans endurreist á jörðunni og kirkja hans stofnuð á ný með himneskum

sendiboðum er vitjuðu spámansins Josephs Smith. Þetta endurreista prestdæmi og þessi endurstofnaða kirkja eru kjarni prestdæmisrásarinnar.

Prestdæmisrásin er sú boðleið sem Guð hefur notað til að tala við börn sín í gegnum ritningarnar á liðnum öldum. Og það er sú boðleið sem hann notar til að miðla kenningum og leiðsögn lifandi spámanna og postula og annarra innblásinna leiðtoga. Eftir þessari boðleið meðtökum við nauðsynlegar helgiathafnir. Eftir þessari boðleið meðtökum við kallanir til þjónustu í kirkju hans. Kirkja hans er vegurinn og prestdæmi hans er krafturinn sem gera okkur kleift að njóta þeirra forréttinda að taka þátt í þeim samstarfsverkefnum sem nauðsynleg eru til að verk Drottins verði leyst af hendi. Þar á meðal að boða fagnaðarerindið, reisa musteri og kapellur, og hjálpa hinum fátæku.

Hvað varðar þessa prestdæmisrás, þá er trú okkar og trúariðkun áþekkt þeirri fullyrðingu sumra kristinna manna að valdbundnar helgiathafnir (sakramenti) séu nauðsynlegar og verði að vera framkvæmdar af þeim sem hefur valdsumboð og kraft frá Jesú Kristi (sjá Jóh 15:16). Við trúum hinu sama, en auðvitað höfum við aðra skoðun en aðrir kristnir á því hvernig það vald barst okkur.

Sumir meðlimir eða fyrrum meðlimir okkar kirkju, viðurkenna ekki mikilvægi prestdæmisboðleidarinnar. Þeir gera of lítið úr mikilvægi kirkjunnar og leiðtogum hennar og starfsemi hennar. Þeir reiða sig algjörlega á persónulegu rásina, fara eigin leiðir, gefa sig út fyrir að geta útskýrt kenningar og stjórnað samkeppnisstofnunum í andstöðu við kenningar spámannlegra leiðtoga. Hvað þetta varðar endurspeglar þeir nútíma andstöðu við það sem í óvirðingarskyni er kallað „skipulögð trúarbrögð.“ Þeir sem hafna nauðsyn skipulagðra trúarbragða hafna verki meistarans, sem stofnsetti kirkju sína og embættismenn hennar á hádegisbaugi tímans og sem endureisti það nú á tímum.

Skipulögð trúarbrögð, stofnsett með guðlegu valdsumboði, eru nauðsynleg, eins og Páll postuli kenndi:

„Þeir eiga að fullkomna hina heilögu og láta þeim þjónustu í té, líkama Krists til uppbyggingar,

Þangað til vér verðum allir einhuga í trúnni og þekkingunni á syni Guðs, verðum fullþroska og náum vaxtartakmarki Krists fyllingar“ (Ef (4:12–13).

Við ættum öll að minnast yfirlýsingar Drottins í nútíma opinberun um að rödd þjóna Drottins sé rödd Drottins (sjá K&S 1:38; 21:5; 68:4).

Mér finnst ég þurfa að bæta við tveimur viðvörðunum sem við ættum að minnast í sambandi við að treysta á hina lífsnauðsynlegu prestdæmisboðleið.

Í fyrsta lagi kemur prestdæmisrásin ekki í staðinn fyrir nauðsyn persónulegu rásarinnar. Við þörfnumst öll persónulegs vitnisburðar um sannleikann. Á meðan trú okkar er að þroskast treystum við nauðsynlega á orð og trú annarra, svo sem foreldra okkar, kennara, eða prestdæmisleiðtoga (sjá K&S 46:14). En ef við treystum einvörðungu á einn tiltekinn prestdæmisleiðtoga eða kennara varðandi persónulegan vitnisburð okkar um sannleikann, í stað þess að fá þann vitnisburð í gegnum persónulegu rásina, verðum við ávallt berskjölduð fyrir vonbrigðum, vegna athafna þess manns. Þegar kemur að þroskaðri þekkingu eða vitnisburði um sannleikann, ættum við ekki að vera háð dauðlegum meðalgöngumanni milli okkar og himnesks föður.

Í öðru lagi getur prestdæmisrásin, líkt og persónulega rásin, ekki gagnast að fullu og á réttan hátt fyrir okkur nema við séum verðug og hlýðin. Víða í ritningunum er kennt, að ef við höldum áfram alvarlegum brotum á boðorðum Guðs, munum við „útilokast úr návist hans“ (Alma 38:1). Þegar það gerist, eru Drottinn og þjónar hans alvarlega hindraðir í að veita okkur andlega hjálp og við getum ekki orðið okkur úti um hana sjálf.

Sagan leggur okkur til lifandi dæmi um mikilvægi þess að þjónar Drottins séu í góðum tengslum við andann. Hinn ungi spámaður, Joseph Smith, gat ekki þýtt þegar hann var reiður eða í uppnámi.

David Whitmer sagði svo frá: „Einn morguninn þegar hann var að búa sig undir að halda þýðingunni áfram, fór eitthvað úrskaiðis á heimilinu og hann var miður sín út af því. Eitthvað sem Emma, eiginkona hans, hafði gjört. Við Oliver fórum upp á loft, og Joseph kom upp skömmu síðar til að halda áfram að þýða, en hann gat ekkert gert. Hann gat ekki þýtt eitt einasta orð. Hann fór niður á neðri hæðina, út í ávaxtagarðinn, og baðst fyrir frammi fyrir Drottni; var í burtu um klukkustund – kom til baka að húsinu, bað Emmu fyrirgefningar og kom síðan upp stigann þar sem við vorum og þýðingin komst í eðlilegan gang. Hann gat ekkert gert nema hann væri auðmjúkur og trúfastur.“¹

III. Báðar rásirnar eru nauðsynlegar

Ég mun ljúka á fleiri dæmum um nauðsynina fyrir báðar þessar rásir, sem himneskur faðir okkar hefur komið á til tjáskipta við börn sín. Báðar rásirnar eru nauðsynlegar til að ná þeim tilgangi hans að gjöra ódauðleika og eilíft líf barna hans að veruleika. Ritningarfrásögn frá fornri tíð um þessa nauðsyn er að finna í leiðsögn föður Jetró um að Móse ætti ekki að reyna að taka sér of mikið fyrir hendur. Fólkið leitaði til prestdæmisleiðtoga síns frá morgni til kvölds til að „leita Guðs atkvæða“ (2 Mós 18:15) og einnig til að „dæma milli manna“ (vers 16). Við fjöllum oft um hvernig Jetró ráðlagði Móse að útdeila verkefnum með því útnefna dómara til að úrskurða í deilumálum (vers 21–22). En Jetró veitti Móse einnig ráð sem undirstrika mikilvægi persónulegu rásarinnar:

„Þú skalt kenna þeim lögin og boðorðin, og sýna þeim þann veg, sem þeir skulu ganga, og þau verk, sem *þeir* skulu gjöra“ (vers 20; leturbreyting hér).

Með öðrum orðum, Ísraelítunum sem fylgdu Móse, átti að kenna að fara ekki með öll sín vandamál til þessa prestdæmisleiðtoga. Þeir áttu að skilja boðorðin og leita innblásturs til að vinna úr flestum sínum vandamálum sjálfir.

Nýlegir atburðir meðal Sílebúa sýna vel nauðsynina fyrir báðar rásirnar. Í Síle varð mikil eyðilegging vegna jarðskjálfta. Margir meðlima okkar misstu heimilin; sumir misstu fjölskyldumeðlimi. Margir misstu kjarkinn. Skjótlega – vegna þess að kirkja okkar er reiðbúin að bregðast við slíkum hörmungum – bárust matvörur, skjól og annað efni. Hinir heilögu í Síle heyrðu rödd Drottins gegnum kirkju hans og leiðtoga hennar sem brugðust við efnislegum vanda þeirra. En, hversu fullnægjandi sem prestdæmisboðleiðin er, nægði hún samt ekki. Hver meðlimur þurfti að leita til Drottins í bæn og fá beint frá honum þá huggun og leiðsögn sem berst með heilögum anda til þeirra sem leita hans og hlusta.

Trúboðsstarf okkar er annað dæmi um þörfina fyrir báðar rásirnar. Karlar og konur sem kölluð eru í trúboð eru verðug og fús vegna kennslunnar sem þau hafa hlotið eftir boðleið prestdæmisins og vegna vitnisburðarins sem þau hafa hlotið með persónulegu rásinni. Þau eru kölluð með boðleið prestdæmisins. Sem fulltrúar Drottins og með leiðsögn frá prestdæmisrás hans kenna þau síðan trúarnemum sínum. Einlægir leitendur sannleikans hlusta og trúboðarnir hvetja þá til að biðjast fyrir til að öðlast sjálf vitneskju um sannleika boðskaparins í gegnum persónulegu rásina.

Í síðasta dæminu eru þessar reglur hagnýttar með prestdæmisvaldinu í fjölskyldunni og í kirkjunni.² Allir prestdæmishafar í kirkjunni starfa undir stjórn þess sem hefur viðeigandi prestdæmislykla. Þetta er boðleið prestdæmisins. En valdið sem er í forsæti í fjölskyldu – hvort sem það er faðir eða einstæð móðir – sinnir fjölskyldumálum án þess að þörf sé á valdsumboði frá einhverjum sem hefur prestdæmislykla. Það líkist persónulegu rásinni. Báðar rásirnar verða að vera virkar í fjölskyldulífi okkar og í persónulegu lífi okkar, ef við eigum að vaxa og ná þeim örlögum sem börnum himnesks föður eru ætluð í áætlun hans.

Við verðum að nota bæði persónulegu rásina og prestdæmisrásina, í réttu jafnvægi, til að öðlast þann vöxt sem felst í tilgangi jarðlífsins. Ef persónuleg trúariðkun reiðir sig of mikið á persónulegu rásina, útilokar einstaklingshyggjan hið mikilvæga guðlega vald. Ef persónuleg trúariðkun byggist of mikið á prestdæmisrásinni, mun persónulegur vöxtur líða fyrir það. Börn Guðs þarfnast beggja rásanna til að öðlast sín eilífu örlög. Endurreist fagnaðarerindið kennir hvort tveggja og hin endurreista kirkja leggur til hvort tveggja.

Ég vitna um að Thomas S. Monson forseti er spámaður Drottins og að hann hefur lyklana að prestdæmisrásinni. Ég vitna um Drottin Jesú Krist og að þetta er kirkjan hans. Og ég

vitna um hið endurreista fagnaðarerindi. Við getum öll fengið að vita sannleiksgildi þess með hinni dýrmætu og persónulegu tjáskiptarás við himneskan föður. Í nafni Jesú Krists, amen.

HEIMILDIR

1. Í „Letter from Elder W.H. Kelley,“ *The Saints' Herald*, 1. mars 1882, 68. Frá svipaðri frásögn er greint í B.H. Roberts, *A Comprehensive History of the Church*, 1:131.
2. Sjá Dallin H. Oaks, „Priesthood Authority in the Family and the Church,“ *Liahóna*, nóv 2005, 24–27.